

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/29/25

nr. 58/2015

frá 20. mars 2015

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/641/ESB frá 1. september 2014 um samræmd tækniskilyrði vegna notkunar fjarskiptatíðnirófsins fyrir þráðlausan hljóðbúnað til dagskrárgerðar og fyrir sérstaka viðburði í Sambandinu <sup>(1)</sup>.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5czi (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/688/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czi. **32014 D 0641**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/641/ESB frá 1. september 2014 um samræmd tækniskilyrði vegna notkunar fjarskiptatíðnirófsins fyrir þráðlausan hljóðbúnað til dagskrárgerðar og fyrir sérstaka viðburði í Sambandinu (Stjtið. ESB L 263, 3.9.2014, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/641/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 263, 3.9.2014, bls. 29.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.